

**Nd.**

## **56. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 115 frá 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson.

### **1. gr.**

Aftan við 22. gr. laganna bætist:

Nú hefir máli verið vísað til nefndar og 2. umræðu, en nefndin ekki fjallað um málið eða skilað nefndaráliti innan 4 vikna frá því er málið var samþykkt til 2. umræðu, og skal forseta þá skylt að taka málið á dagskrá til 2. umræðu, ef flutningsmaður óskar þess.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Á undanförnum þingum höfum við þingmenn sósíalístaflökksins borið fram allmörg mál í báðum deildum þingsins. Afgreiðsla allra þeirra mála, sem við höfum flutt, hefir án undantekningar verið á einn veg, sem sé þann, að málunum hefir, að lokinni 1. umræðu, verið vísað til 2. umræðu og nefndar, en síðan hafa þau ekki komið fyrir þingið, sem þó er gert ráð fyrir í þingsköpum.

Þó við höfum krafist forseta um, að málin yrðu tekin fyrir til 2. umræðu, hefir það engan árangur borið.

Við göngum út frá, að þingsköp þau, sem nú gilda, séu fullýtarleg til þess að tryggja rétt minnihlutaflokkanna til þess að fá úr því skorið á Alþingi, hvernig þingmenn bregðast við málum þeim, sem minnihlutaflokkur eða stjórnarandstöðuflokkur flytur, ef meiri hluti þings og forsetar væru lýðræðissinnaðir, en eins og nú er ástatt, að mikill meiri hluti þingmanna hefir hagað sér annað hvort sem algerðir eða hálfgerðir fasistar, er réttur minnihlutaflokka fyrir borð borinn.

Í breytingartillögu þeirri, sem við flytjum, er forseti skyldaður til þess að taka mál, sem gengið hefir gegnum umræðu, til 2. umræðu, og ætti þar með að vera tryggt, að þingmenn gætu ekki skorast undan að taka afstöðu með eða móti málum, en afstaða þingmanna til mála er nauðsynlegt að komi í ljós, þar sem lýðræði er ætlað að njóta sín.